

AUGLÝSING um skipulagsmál í Sveitarféluginu Árborg.

Deiliskipulag lóðanna Eyrarvegur 11-13 á Selfossi.

Í samræmi við skipulags- og byggingarlög nr. 73/1997, með síðari breytingum hefur bæjarstjórn Sveitarfélagsins Árborgar samþykkt þann 20. október 2005 tillögu að breyttu deiliskipulagi lóðanna 11-13 við Eyrarveg á Selfossi.

Tillagan er sett fram í mkv. 1:1000 þann 2. mars 2005 og auglýst í samræmi við 25. gr. skipulags- og byggingarlaga nr. 73/1997, með síðari breytingum, frá 24. ágúst 2005 til og með 21. september 2005, með athugasemdafresti til og með 5. október 2005.

Engar athugasemdir bárust.

Uppdráttur og greinargerð tillögunnar hafa hlotið þá meðferð sem skipulags- og byggingarlög mæla fyrir um.

Deiliskipulagið öðlast þegar gildi.

Deiliskipulag lóðarinnar Gagnheiði 63 á Selfossi.

Í samræmi við skipulags- og byggingarlög nr. 73/1997, með síðari breytingum hefur bæjarráð Sveitarfélagsins Árborgar samþykkt þann 20. október 2005 tillögu að breyttu deiliskipulagi lóðarinnar Gagnheiði 63 á Selfossi.

Tillagan er sett fram í mkv. 1:1000 þann 19. ágúst 2005 og auglýst í samræmi við 25. gr. skipulags- og byggingarlaga nr. 73/1997, með síðari breytingum, frá 24. ágúst til og með 21. september 2005, með athugasemdafresti til og með 5. október 2005.

Engar athugasemdir bárust.

Uppdráttur og greinargerð tillögunnar hafa hlotið þá meðferð sem skipulags- og byggingarlög mæla fyrir um.

Deiliskipulagið öðlast þegar gildi.

Selfossi, 10. nóvember 2005.

Grétar Zóphaníasson, fulltrúi á skipulags- og byggingadeild.

B-deild – Útgáfud.: 22. nóvember 2005